

Félagsfræðimessa 8. maí 2013

Hópur	Kl.	Nöfn	Umfjöllunarefni
Tjaldar	14:00	Aksentije, Anton, Daniel, Þorvaldur	<p style="text-align: center;">Væntingar grunnskólanema</p> <p>Rannsókn þessi er ætluð til að skýra áhrifavalda og af hverju nemendur í grunnskólum í nágrenni Akureyrar byggja val sitt á framhaldsskóla. Rannsóknin var framkvæmd með eigindlegum aðferðum (djúpvíðtöl) og sker sig úr að því leyti. Notast var við slembiúrtak og kom einn af öðrum fram til okkar og svaraði spurningum sem samdar voru fyrirfram. Meðal tilgáta voru; foreldrar hafa lítil áhrif á val nemenda á framhaldsskóla, val systkina á framhaldsskóla hefur mikil áhrif á þeirra val, einkunnir skipta nemendum litlu máli. Niðurstöður sýndu meðal annars að félagslíf skipti ekki máli fyrir þá nemendur sem ætluðu sér í Verkmenntaskólann á Akureyri en það hafði þó mikil áhrif á nemendur sem stefndu á Menntaskólann á Akureyri.</p>
Lóur	14:15	Kristín, Sonja, Theódóra	<p style="text-align: center;">Kynin og nám tengt umönnunarstörfum</p> <p>Í gegnum tíðina hafa mörg störf verið skilgreind sem hefðbundin karla eða kvennastörf og til dæmis hafa umönnunarstörf venjulega verið talin hefðbundin kvennastörf. Á síðustu árum hefur þó ýmislegt breyst og meiri hreyfing er á kynjunum í flestum sviðum samfélagsins. Helsta viðfangsefni rannsóknarinnar er hversu mikið hafi raunverulega breyst og hvort að það sé enn marktækur munur á stuðningi eða þrýstingi sem kynin finna fyrir frá foreldrum eða samfélagi. Úrtakið var 182 nemendur á aldrinum 18-21 í Menntaskólanum á Akureyri sem svöruðu rafrænni könnun. Niðurstöðurnar sýndu marktækan mun á kynjunum hvað varðar stuðning og þrýsting frá foreldrum til að fara í nám tengt umönnunarstörfum en þar kom fram að stelpur fundu hvoru tveggja fyrir mun meiri stuðningi og þrýstingi heldur en strákar. Niðurstöðurnar bentu einnig til þess að það sé meiri tilhneiging til þess að stelpur finni fyrir meiri þrýstingi og stuðningi frá samfélaginu en strákar.</p>
Krummar	14:45	Hrafn Logi, Edmondo, Egill	<p style="text-align: center;">Tóbaksnotkun</p> <p>Hið íslenska neftóbak hefur verið framleitt hérlendis um ára bil. Varan hafði verið lítil partur af tekjum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins en það tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Sala þessarar neysluvöru hefur rokið upp á undanförunum árum og hefur umræða farið að skapast um neftóbaksnotkun ungs fólks hér á landi, einkum íþróttafólks. Tilgangur þessarar rannsóknar var að komast að því hvort þessi umræða um aukningu neftóbaksnotkunnar ungs fólks eigi við tök að styðjast og hvort fylgni sé á milli neftóbaksnotkunnar og aldurs, íþróttaiðkunnar og jafnvel námsbrautar. Þátttakendur rannsóknarinnar voru nemendur við Menntaskólann á Akureyri. Í hverjum árgangi voru tveir bekkir rannsakaðir, einn á raungreina- og náttúrufræðisviði og annar á félags- og tungumálasviði.</p>

Félagsfræðimessa 8. maí 2013

Þrestir	15:00	Birkir, Líney, Svandís	<p style="text-align: center;">Heiðarleiki og nethegðun</p> <p>Hvað er þjófnaður? Er það að stela hlut sem er ekki áþreifalegur, þjófnaður? Við búum á upplýsingaröld þar sem að deila skráum yfir netið hefur aldrei verið auðveldara. Netið er sífellt að þróast og þeirri þróun fylgja ýmsir kostir og ókostir. Þátttakendur voru nemendur þriggja bekkja í fjórða bekk og nemendur þriggja bekkja í fyrsta bekk en tilgangurinn var að bera þessa tvo árganga saman. Úrtak rannsóknarinnar voru 139 menntaskólanemendur úr Menntaskólanum á Akureyri sem var aflað með hentugleikaúrtaki. Af 139 nemendum sem voru í úrtakinu svöruðu 106 nemendur. Svarhlutfallið er því 76%. Tilgátur rannsóknarinnar voru eftirfarandi: Stela strákara frekar hugúnaði af netinu? Er einhver munur á fólki sem kemur af landsbygðinni og fólki sem býr í þéttbýli? Finnst fólki almennt siðferðislega réttara að stela á netinu en í verslunum? Munur virðist vera á milli búsetu og að hala niður ólöglega, fólki finnst almennt verra að stela úr verslunum en að stela af netinu. Samkvæmni var að finna í skoðunum fólks um ólöglegt niðurhal en flestum fannst eins og það ætti ekki að flokka ólöglegt niðurhal sem ólögleg eða 28,30%. Þó var ekki mikill munur á þeim sem fannst eins og ólöglegt niðurhal ætti stundum að flokkast sem þjófnaður en það voru 27,92% þeirra skoðunar. Enga samkvæmni var að finna á þeim sem hala niður ólöglega af netinu. Enga samkvæmni var heldur að finna á þeim sem finnst rangt að stela úr verslunum.</p>
Smyrlar	15:15	Erla, Sigmar, Steinar	<p style="text-align: center;">Facebook og pot</p> <p>Rannsóknin sem var framkvæmd fjallaði um Facebook pot, en það er lítill takki sem hægt er að yta á á Facebook. Hugmyndin á bakvið rannsóknina var að sjá hvernig fólk er almennt að túlka það að vera potað eða afhverju fólk potar. Við gáfum fólki upp að pot gætu annað hvort verið kynferðisleg, vinaleg eða grín, en einnig var pláss svo fólk gæti svarað sjálft ef það fannst þessir valmöguleikar ekki útskýra nóg. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að flestir sem potuðu, gerðu það í gríni en þegar þeir voru á hinum enda potsins, að fá það, þá túlkaði það potíð frekar sem kynferðislegt. Greinilegur munir var á milli kynja hvort þau túlkuðu pot almennt sem grín, en þar voru konur í frekar miklum meirihluta. Úrtak rannsóknarinnar voru krakkar í Menntaskólanum á Akureyri frá aldrinum 15 – 21 árs. Kynjahlutfallið var 60% konur og 40% karlar en það passar frekar við kynjahlutfallið sem er ríkjandi í skólanum. Þáttakendur fengu sjö spurninga könnun og svöruðu nafnlaust, en hún var framkvæmd inn í bekkjum.</p>
Rjúpur	15:45	Heiðrún, Unnur, Zorana, Magnús	<p style="text-align: center;">Kynfræðsla og kynhegðun</p> <p>Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig viðhorf unglunga er til kynfræðslu og hvort hún hafi áhrif á kynlíf unglunga. Eru meiri líkur á því að unglingar stundi ábyrgt kynlíf ef þeir hafa fengið góða kynfræðslu og bíða unglingar frekar með að stunda kynlíf ef þeir eru vel upplýstir? Meðal annars verða skoðaðir áherslupættir í kynfræðslu, hverjir kenna hana og hversu góða unglingar telja kynfræðsluna sem þeir fá vera. Við gerð rannsóknarinnar var notast við meginlegar rannsóknaraðferðir og tekin könnun meðal unglunga í fyrsta</p>

Félagsfræðimessa 8. maí 2013

			<p>bekk í Menntaskólanum á Akureyri. Úrtakið samanstóð af tveimur bekkjum, alls voru þátttakendurnir 68 talsins. Niðurstöður sýndu að enginn marktækur munur var á svörum milli kynjanna. Um það bil 50% þátttakenda töldu sig hafa fengið góða kynfræðslu í grunnskóla, en aftur á móti fannst engin marktæk fylgni á milli gæða kynfræðslu og þess hvenær unglingar (þátttakendur) byrja að stunda kynlíf.</p>
Ernir	16:00	Gyða, Jón Bjarki, Rannveig	<p style="text-align: center;">Landbúnaður – hvað er það?</p> <p>Hugmyndin var að sjá hversu mikið framhaldsskólanemendur í Menntaskólanum á Akureyri vissu um landbúnað og hversu mikilvægan þeir töldu hann vera fyrir samfélagið. Við bjuggum til spurningalista og lögðum fyrir nokkra bekki skólans, alls voru þátttakendur 95. Við spurðum þar á meðal um búsetu, hversu mikið þau töldu sig vita um landbúnað, hversu oft þau kæmu í sveit og báðum þau svo að gefa landbúnað og þremur öðrum starfsviðum einkun frá 1-10 til þess að sjá hvað af því þeim finnst mikilvægast fyrir samfélagið. Við spurðum einnig hversu líklegt fólki fyndist að það myndi vinna við landbúnað í framtíðinni og þar fannst miklum meirihluta frekar ólíklegt eða mjög ólíklegt að þeir myndu starfa við landbúnað, sem okkur fannst mjög einkennilegt þar sem mikill meirihluti telur landbúnaðinn mjög mikilvægan. Við komumst að því að það var enginn marktækur munur á milli kynja í öllum spurningunum. Við sumar spurningar kom fram fullkomin fylgni á milli þeirra og búsetu.</p>
Fálkar	16:15	Aldís, Harpa, Kristófer, Sara	<p style="text-align: center;">Vöðvafíkn</p> <p>Ranghugmyndir um eigin líkama er vaxandi vandamál hjá fólki á öllum aldri og þá sérstaklega hjá ungu fólki. Fólk hefur þá tilhneigingu til að stunda líkamsrækt í óhófi og þá getur auðveldlega skapast hættuástand, sérstaklega ef fólk er tilbúið til þess að notast við ólögleg efni til þess að ná tilsettu markmiði. Tilgangur þessarar rannsóknar var að athuga hvort að margir unglingar á framhaldsskólaaldri hafi neikvætt viðhorf til eigin líkamsstærðar, lögunar og þyngdar. Þessi óánægja verður til misræmis milli hugmynda um eigin líkama og hugmynda um ákjósanlegan líkama. Skoðuð var ástundun líkamsræktar hjá mismunandi aldri og kyni, einnig var skoðað hvort það væru tengsl á milli aldurs, fæðubótanotkunar og e.t.v. ólöglegra efna og hvort að þátttakendur væru með húðflúr. Þátttakendur þessarar rannsóknar voru 104 framhaldsskólanemar úr 1. - 4. bekk á aldrinum 15-21 árs. Rannsóknin var tekin úr einum bekk í hverjum árgangi. Niðurstöðurnar benda til þess að 74% framhaldsskólanema í MA stundi líkamsrækt en aðeins 26% ekki, einnig kom í ljós að fleiri strákar stunda líkamsrækt en stelpur og að fólk sé líklegra til þess að nota fæðubótarefni og ólögleg efni eftir því sem það verður eldra.</p>
Sólskríkjur	16:30	Karen Birna, Signý Rún	<p style="text-align: center;">Sjónvarp og líkamsmynd</p> <p>Athugað var hvort tengsl væri á milli sjónvarpsþáttaáhorfs unglina og líkamsmynd þeirra. Sett var fram tilgáta um að þeir unglingar sem horfa mikið á þætti þar sem mikið er um útlitsdýrkun væru frekar óánægðir með útlit sitt og því líklegri til að</p>

Félagsfræðimessa 8. maí 2013

			<p>fara í megrun. Þáttakendur voru 81 nemandi úr Framhaldsskólum á Akureyri á aldrinum 18 ára til 21 árs. Þar af voru 40 drengir og 41 stúlka. Flestir unglínganna horfa á þætti á bilinu 6 til 9 klukkustundir á viku. Í ljós kom að 94% unglínganna vildu breyta einhverju við sjálfan sig og höfðu 43% farið í megrun á síðustu sex mánuðum. Einnig kom í ljós að þeir sem horfa á þætti þar sem mikið er um útlitsdýrkun eru meira uppteknir af útlitnu en þeir sem gera það ekki. Þeir þeir sem horfa á þætti þar sem mikið er um útlitsdýrkun eyða að jafnaði lengri tíma að taka sig til á morgnanna og eyða meiri pening í útlitið. Niðurstöður benda þó til þess að þeir sem eru meira uppteknir af útliti sínu eru almennt með betri sjálfsmýnd.</p>
--	--	--	--